

ok lét konunge hann til höggs leiða, ok var vöndr snúinn í hír hoaum ok hilt á maðr. Settisk Jökkull niðr á bakka nökkrurn, þá réð maðr til at höggva hann, en er heyrði hvininn, réttisk hann upp ok kom höggit í höfuð honum, ok varð mikit sár; sá konungr at þat var banasár; bað konungr þá hætta við hann. Jökull sat upp ok orti þá vísu:

Svíða sár af mæði
setit hefk oft við betra
und es á oss sús sprændi
ótraud legi rauðum;
byss mér blóð úr þessi
ben; tek við þrek venjask;
verpr hjálmgöfugr hilmir
heiðsær á mik reiði.

Síðan dó Jökull.”

Kristinn að nafni til hefir Jökull Bárðarson hlotið að vera; en hvergi kemur það fram í þessari vísu, sem er eins og stillilegt andvarp hins helsærða manns um leið og hann lítur yfir liðna æfi.

Pegar að því er gætt, hvernig kristnir komst á hér á landi, er heldur ekki við því að búast, að kristnar hugmyndir séu orðnar algengar skömmu eftir árið 1000.

Það voru pólitiskar ástæður, eða með öðrum orðum frekja sunna til fjár og valda, en fastheldni annara við þessi sömu gaði, sem réð mestu um kristnitökuna á Íslandi. Líkt var um síðabótina síðar, þar er það ásælni konungsvaldsins, sem mestu ræður um síðaskiftin. En hvorttveggi voru síðaskiftin frá þjóðlegu sjónarmiði hið mesta ólán fyrir Ísland.¹⁾

Dr. Björn Ólsen hefir af miklum skarpleik sýnt fram á, hvernig kristnitakan muni hafa orðið niðurstaðan af flokkaskiftunum skömmu fyrir 1000; hinir „nýju höfðingjar“ styðja kristnina ekki sízt til þess að efla sig til valda, en gömlu goðarnir,

1) Það er að nokkru leyti frá því sjónarmiði, sem Þorsteinn Erlingsson kveður svo snjalt um kristnitökuna í kvæðinu „Örlög guðannar“. En að síðabótin var fyrst og fremst stjórnarbylting og sú ekki til hins betra, hefir Jón Jónsson sagnfr. mjög vel tekið fram í bók sinni „Íslenzkt fjölderni“.